

hafi verið fyrir hendi, er varði því, að skilnaðarsamningar málsaðilja um fjárskipti teljist óskuldbindandi, né að þær vanefndir, sem á þeim hafa orðið af hálfu stefnda, séu þess háttar, að þær heimili riftun þeirra.

Þer því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Elliði Norðdahl Guðjónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Erlu Þorsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. febrúar 1984.

Nr. 130/1982. **Valdimar Auðunsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Ingólfi Ingvarssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og áfrýjanda dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta snýst um það, hvort fram eigi að fara uppboð til slita á sameign málsaðilja og fleiri manna að jörðunum Neðri-Dalur I og Neðri-Dalur II, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Jarðir þessar hafa verið í eyði síðan 1973, er stefndi lét af búskap þar, að því er fram kemur í uppboðsbeiðni.

Samkvæmt veðbókarvottorðum fyrir jarðirnar, útgefnum 23. febrúar 1982, eru eignarheimildir að þeim sem hér segir:

Neðri-Dalur I:

4/11 hlutar: Ingólfur Ingvarsson, skv. afsali 10. janúar 1953.

5/11 hlutar, samkvæmt skiptayfirlýsingu 12. desember 1961:

Guðrún Auðunsdóttir, Ólafur H. Auðunsson, Leifur Auðunsson, Hafsteinn Auðunsson, Ingigerður Auðunsdóttir, Hálfván Auðunsson, Margrét Auðunsdóttir, Konráð Auðunsson, Valdimar Auðunsson og Guðrún I. Auðunsdóttir.

Hinn 29. desember 1971 afsalaði Guðrún I. Auðunsdóttir Valdimar Auðunssyni sínum hluta í jörðinni.

Með gjafaafsali, útgefnu 20. júlí 1976, eignuðust þær Vigdís og Kristjana Kristófersdætur 180 álnir í jörðinni.

Neðri-Dalur II:

¼ hluti: Ingólfur Ingvarsson, skv. afsali 18. desember 1959.

¾ hlutar, skv. skiptayfirlýsingu 12. desember 1961 Guðrún, Ólafur H., Hafsteinn, Ingigerður, Hálfván, Margrét, Konráð, Valdimar og Guðrún I. Auðunsbörn.

Hinn 29. desember 1971 afsalaði Guðrún I. Auðunsdóttir hluta sínum í jörðinni í hendur Valdimar Auðunssyni.

II.

Hinn 20. maí 1979 gerðu eigendur jarðanna samkomulag um að setja þær í sölu, og hefur skjal um það verið lagt fram við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Samkvæmt því, sem segir í uppboðsbeiðni, bárust nokkur tilboð í jarðirnar, en eigi náðist samstaða meðal allra eigenda um sölu. Því var það, að hinn 9. febrúar 1982, reit stefndi sýslumanninum í Rangárvallasýslu uppboðsbeiðni, þar sem hann fór fram á, að framangreindar jarðir „verði seldar á opinberu uppboði í einu lagi til slita á sameign...”

Í uppboðsbeiðni þessari er, auk stefnda, getið, án nokkurra skýringa, eftirtalinna manna sem eigenda:

Valdimars Auðunssonar, Konráðs Auðunssonar, Hálfðans Auðunssonar, Hafsteins Auðunssonar, Ólafs Auðunssonar, Guðrúnar Auðunsdóttur, Guðrúnar Geirsdóttur, Ingigerðar Auðunsdóttur, Jónatans Jakobssonar og Kristjönu Kristófersdóttur.

Uppboðsmál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Rangárvallasýslu 23. febrúar 1982. Bókaði uppboðshaldari þá m.a., að hann hefði tilkynnt eigendum jarðanna bréflega um framkomna uppboðsbeiðni og fyrirtökustað og tíma málsins. Eigi lagði uppboðshaldari fram nein gögn um, að hann hefði sent eigendum tilkynningar þessar.

Eftirfarandi menn eru bókaðir mættir við þingfestingu: Ingólfur Ingvarsson, uppboðsbeiðandi málsins, svo og Valdimar Auðunsson, Hálfðán Auðunsson, Ólafur Sveinsson vegna Guðrúnar Auðunsdóttur og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar.

Uppboðshaldari gat þess, að hann hefði tekið að sér að leggja mál þetta fyrir jarðanefnd og sveitarstjórn til umsagnar, sbr. 6. gr. jarðalaga.

Uppboðsmálinu var síðan frestað og það næst tekið fyrir 18. mars 1982. Þá eru eftirtaldir menn bókaðir mættir:

Ingólfur Ingvarsson, Valdimar Auðunsson og Oddgeir Guðjónsson f. h. Jónatans Jakobssonar.

Uppboðshaldari lagði fram og kynnti efni bréfs frá hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps, dags. 9. mars 1982, þar sem fram kom m.a., að hreppsnefndin taldi ekki óeðlilegt, að uppboð færi fram á jörðunum. Auk þess bókaði uppboðshaldari, „að formaður jarðanefndar Rangárvallasýslu hefði lýst yfir því, að jarðanefnd myndi ekki gera athugasemdir við uppboðssölu jarðarinnar.“

Bókað er eftir Valdimar Auðunssyni m.a., að hann mótmæli framgangi uppboðsins, en ef til uppboðssölu komi, beri að selja jarðirnar sitt í hvoru lagi. Oddgeir Guðjónsson tók í sama streng.

Síðan var málinu frestað til 26. mars 1982 að ósk tveggja aðilja, þeirra Ólafs og Hafsteins Auðunssona, er voru fjarstaddir. Er málið var tekið fyrir framangreindan dag, eru þessir bókaðir mættir:

Ingólfur Ingvarsson, Valdimar Auðunsson, Konráð Auðunsson og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar.

Fram kom ákveðið kauptilboð í jarðirnar frá Valdimar Auðunsyni, en uppboðsbeiðandi hélt fast við kröfu sína um uppboð. Þeir Valdimar og Oddgeir kváðust báðir vilja láta reyna á „ákvæði Jónsbókar um forkaupsrétt sameigenda í kaupabálki Kap. 20 í þessu sambandi.“

Var þessum aðiljum síðan veittur frestur til að koma að greinargerðum til 16. apríl 1982.

Málið var tekið fyrir þann dag og frestað til 27. s.m. Þá voru mættir: Ingólfur Ingvarsson og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar. Ekki lögðu þeir fram greinargerðir, en ítrekuðu fyrri kröfur og mótmæli.

Næst var málið tekið fyrir 6. maí 1982. Þá voru mættir: Ingólfur Ingvarsson, Valdimar Auðunsson og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar.

Aðiljar ítrekuðu enn fyrri kröfur og mótmæli. Síðan er bókað: „Aðilum var gefinn kostur á að leggja fram greinargerð í málinu sem þeir ekki gerðu. Aðilum var þá gefinn kostur á að tjá sig munnlega frekar um kröfur sínar. Uppboðshaldari kynnti þá aðilum, sem eru ólögglærðir, ákvæði 190. gr. l. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Valdimar Auðunsson gerði þá kröfu, að úrskurður um uppboðsbeiðni yrði rökstuddur.“

Uppboðshaldari tók ágreiningsefnið þegar til úrskurðar og úrskurðaði án rökstuðnings, að uppboðið skyldi fram fara.

III.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að einhverjir þeirra, sem taldir eru eigendur jarðanna skv. framangreindum veðbókarvottorðum, væru látnir. Enga fræðslu er um þetta að finna í gögnum málsins né um þeirra erfingja.

Í uppboðsbeiðni er án nokkurra skýringa getið sumra manna sem eigenda jarðanna, sem eigi eru þinglýstir eigendur þeirra samkvæmt veðbókarvottorðunum.

Uppboðshaldara bar að tilkynna uppboðspolum þegar uppboðsbeiðni með þeim hætti, er hlýða þykir, sbr. 6. gr. i.f. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Ekkert kemur fram um það, að uppboðshaldari hafi rannsakað, hverjir hinir raunverulegu eigendur jarðanna voru, og ekki hafa verið lögð fram gögn um það, að upp-

boðshaldari hafi sent þeim tilkynningar um uppboðsbeiðnina, sbr. 6. gr. i.f. laga nr. 57/1949.

Við þingfestingu málsins var aðeins mætt af hálfu fjögurra aðilja auk uppboðsbeiðanda, enda þótt þinglýstir eigendur hafi verið 12.

Gögn vantar um það, að uppboðsbeiðnin hafi formlega verið send Jarðanefnd Rangárvallasýslu til meðferðar, sbr. 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Ekkert er bókað um það, að uppboðshaldari hafi leiðbeint aðiljum, sem eru ólöglerðir, þegar málið var tekið fyrir 23. febrúar, 18. mars, 26. mars, 16. og 27. apríl 1982, og heldur ekki á fullnægjandi hátt 6. maí s.á., svo sem uppboðshaldara bar skylda til skv. 114. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Vegna þeirra ágalla á meðferð málsins, sem nú hafa verið raktir, er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð svo og meðferð málsins frá þinghaldi 23. febrúar 1982 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið af uppboðshaldara, eins og mál þetta er vaxið, að láta forsendur fylgja úrskurðinum, svo sem krafist var.

Það athugast enn fremur, að engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um stærð jarðanna eða fasteignamat né heldur mat á því, hvort unnt er að skipta hluta stefnda, Ingólfs Ingvarssonar, út úr landi jarðanna.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð málsins frá þinghaldi 23. febrúar 1982 eru úr gildi felld, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr
og Björns Sveinbjörnssonar.

Áfrýjandi hefur ekki stefnt öðrum eigendum jarðanna fyrir Hæstarétt en stefnda, þótt rétt hefði verið að stefna sameigendum öllum. Væri því hendi næst að vísa máli þessu frá Hæstarétti. Eins og hér stendur sérstaklega á, þykja réttarfarsreglur ekki skjóta loku fyrir, að unnt sé að taka formhlið máls þessa til athugunar og dómsúrlausnar, en önnur niðurstaða mundi leiða til mikils óhagræðis og tjóns fyrir málsaðilja.

Við erum sammála athugun og lýsingu í atkvæði meirihluta dómara á þeim annmörkum réttarfars eðlis, sem eru á hinni áfrýjuðu uppboðsgerð. Teljum við eins og meirihluti dómara, að annmarkar þessir varði ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar og meðferðar málsins frá þinghaldi 23. febrúar 1982 og beri að vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju. Við erum enn fremur sammála úrlausn meirihluta dómara um málskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Rangárvallarsýslu 6. maí 1982.

Af hálfu Valdimars Auðunssonar og Oddgeirs Guðjónssonar hefur verið sett fram krafa um, að uppboðsbeiðni verði hafnað vegna ákvæða 20. kap. kaupabálks Jónsbókar. Uppboðsbeiðandi, Ingólfur Ingvarsson, mótmælir framkominni kröfu og krefst þess, að uppboð fari fram.

Uppboðshaldari telur ekki þörf sérstaks rökstuðnings vegna úrskurðar þessa.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framkominni kröfu er hafnað.

Uppboð skal fara fram.